

45. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 30. janúar 2014 og hófst hann kl. 17.00

Mætt: Sigurjón, Kári, Gry, Sturla, Ása. Guðjón, fráfarandi varaformaður, sat fundinn.

Þetta gerðist:

1. Sigurjón, nýkjörinn formaður, setti fundinn og bauð nýja stjórn velkomna til starfa. Stjórnin skipti þannig með sér verkum: Sturla – varaformaður, Kári – gjaldkeri, Gry – ritari, Ása – meðstjórnandi.
Í varastjórn eru Sigfús Fossdal, Óskar Ingi Viglundsson og Einar Már Ríkarðsson.
2. Fundargerð síðasta fundar verður lögð fram til samþykktar á næsta fundi
3. Þinggerð 4. kraftlyftingapings er komin út á vefinn og hafa engar athugasemdir borist. Þinggerðin verður send framkvæmdastjórn ÍSÍ, aðildarfélögum og sambandsaðilum eins og lög gera ráð fyrir.
Framkvæmd: Gry sendir út.

Skipun nefnda.

Aganefnd: verður óbreytt

Landsliðsnefnd. Ákveðið var að fjölga nefndarmönnum í 5. Kári Karlsson formaður, Borghildur Erlingsdóttir, Helgi Hauksson, Sturla Ólafsson og Einar Már Ríkarðsson. Skýra þarf betur verksvið landsliðsnefndar og var samþykkt að hún leggja fram tillögur þar um til stjórnar KRAFT sem fyrst. Landsliðsnefnd falið að koma upp fagteymi um landslið KRAFT.

Framkvæmd: Kári hefur samband við nefndarmenn og fær samþykki þeirra til að starfa. Hann stýrir starf nefndarinnar.

Fjáröflunarnefnd: Sigfús Fossdal er einn í nefndinni.

Framkvæmd: Sigurjón hefur samband við Sigfús um framhaldið.

Dómaranefnd: Helgi Hauksson er formaður nefndar. Með honum sitja Guðjón Hafliðason og Sturlaugur Gunnarsson.

Framkvæmd: Guðjón ræðir við Helga um framhaldið.

Heiðursmerkjanefnd: Sigurjón Pétursson er formaður, Guðjón Hafliðason og Auðunn Jónsson.

Framkvæmd: Sigurjón kallar nefndina saman til starfa.

Fjölmiðlanefnd: ákveðið að senda erindi í félögin og auglýsa eftir fólki með reynslu og áhuga á þessu sviði.

Framkvæmd: Gry sendir bréfið

Útbreiðslunefnd: Sigurjón formaður, Grétar Skúli Gunnarsson og Guðjón Hafliðason.

Mótanefnd: María Guðsteinsdóttir, formaður, Júlían J.K. Jóhannsson og Rósa Birgisdóttir.

Fræðslunefnd: Gry Ek formaður, Alexander Ingi Olsen og Auðunn Jónsson.

Aðrar nefndir óskipaðar. Nauðsyn þeirra verður skoðuð fyrir næsta þing og hugsanlega lagðar fram tillögu um lagabreytingu um nefndir.

4. Grétar Hrafnsson, landsliðsþjálfari, mætti á fundinn og gerði grein fyrir áætlunum landsliðsins á árinu 2014 hvað varðar þátttöku í mótum erlendis.

5. **Mót innanlands.**

ÍM í klassískum kraftlyftingum fer fram á Ísafirði 8. febrúar. Skráning klassískra Íslandsmeta hófst 1.1.2014.

ÍM í kraftlyftingum á að fara fram 1. mars nk. en vegna tvíbókunnar stendur mótshaldari uppi húsnæðislaus með skömmum fyrirvara. Eftir nokkra umræðu taldi stjórnin illskásta kostinn vera að fresta mótinu um viku, eða til 8.mars.

Framkvæmd: Gry auglýsir breytingu.

6. **Ný félög**

Aðildarumsóknir tveggja nýrra félaga inn í Kraftlyftingasamband Íslands voru samþykktar með fyrirvara um frágang skjala: Lyftingafélag Kópavogs og Kraftlyftingadeild Umf. Kormáks.

7. **Önnur mál**

- Aganefnd hefur skilað úrskurð sinni í máli 1/14 og hefur hún verið birt málsaðilum og á kraft.is.

Aðgerð: Sigurjón þakkar nefndinni fyrir vel unnin störf.

- Tillögu um stofnun deildarkeppni í kraftlyftingum var vísað til stjórnar á ársþingi KRAFT. Málið rætt og samþykkt að óska eftir nánari útfærslu frá flutningsmanni tillögunnar.

Framkvæmd: Sigurjón óskar eftir nánari útfærslu á framkvæmd frá flutningsmanni tillögunnar.

- Bréf hefur borist frá Gróttu með spurningum varðandi umsóknir um styrki úr afreksmannasjóði ÍSÍ.

Framkvæmd: Landsliðsnefnd/Kári svarar bréfinu.

- Kraftlyftingabingið beindi til stjórnar að skoða hugmyndina um að setja reglur um þáttöku á mótum erlendis fyrir keppendur sem vilja fara á eigin kostnað til að afla sér reynslu.

Stjórnin taldi ekki ástæðu til að setja sérstaka reglugerð um þetta, heldur beina þeim tilmælum til félaganna að taka slík mál upp við landsliðsnefnd.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19.30

Fundarritari: Gry Ek